
Hafravatnsvegur, Mosfellsbæ Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 28. maí 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar endurbætur á Hafravatnsvegi í Mosfellsbæ, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Mosfellsbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hafravatnsvegur, 431-01. Kynning á lagfæringum. Vegagerðin-Selfossi, maí 2021.


Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Mosfellsbæ dags. 11. júní 2021.
- Fiskistofu dags. 23. júní 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis dags. 11. júní 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 15. júní 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. júní 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 14. júní 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 23. og 24. júní 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur að Hafravatnsvegur (431-01) sé tengivegur sem liggja milli Nesjavallavegar (435-00) og Úlfarsfellsvegar (430-01). Vegurinn er 4,7 km langur og liggur að hluta meðfram Hafravatni inn á svæði sem er á Náttúruuminjaskrá. Fyrirhuguð framkvæmd felst í endurbótum á 4,2 km löngum kafla Hafravatnsvegar, frá gatnamótum við Nesjavallaveg suðaustan Hafravatns og meðfram vatninu og langleiðina að gatnamótum við Úlfarsfellsveg. Endurbæturnar felast í endurmótun vegarins á núverandi vegsvæði og lagningu klæðingar. Hvergi er vikið út af núverandi vegstæði en framkvæmdinni fylgja lítilsháttar nýjar skeringar og fyllingar, til að bæta hæðarlegu vegarins að aðstæðum í landslagi og draga úr hættu á snjósöfnun á hann. Breidd vegarins verður óbreytt eða 6,5 m. Fram kemur að áætluð efnisþörf til framkvæmdanna sé um 20.000 m³, þar af fáist um 6.000 m³ úr skeringum og það sem útaf stendur verði sótt í nærliggjandi námur með gilt starfsleyfi. Meðfram vegi liggur ljósleiðari.



Mynd 1. Sýnir svæði Hafravatnsvegur 431-01 sem er á Náttúruminjaskrá. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).

Áætlað er að framkvæmdir hefjist sumarið 2021 og þeim verði lokið síðar sama ár. Markmið fyrirhugaðra lagfæringa á Hafravatnsvegi er að auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Landnotkun

Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdarsvæði sé á landi Mosfellsbæjar en vegurinn er skilgreindur sem tengivegur og er í eigu Vegagerðarinnar.

Í umsögn Mosfellsbæjar kemur fram að ekki sé minnst á reiðgötu/leið sem staðsett er meðfram Hafravatnsvegi, nær vatninu skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Einnig er leiðin meðfram Hafravatni merkt sem aðalútvistarstígur/leið í skipulagi. Ekki komi fram hvort könnuð hafi verið áhrif uppbyggingar á reiðleiðina eða möguleiki að koma henni meðfram nýjum vegi eða uppbyggingu.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að gerð reiðvegjar sé ekki hluti af umræddri framkvæmd og að ekki hafi verið könnuð áhrif uppbyggingar á reiðleiðina eða þeim möguleika á að koma henni meðfram nýjum vegi eða uppbyggingu. Jafnframt telur Vegagerðin óæskilegt að hafa reiðvegi innan öryggissvæðis vegarins og erfitt að koma þeim fyrir nema með miklu raski og æskilegra að reiðleið verði fundinn annar staður.

Gróður, lífríki og fuglar

Fram kemur að að gróðurfar á svæðinu einkennist af gras- og lyngmóa. Ekkert votlendi eða sérstök vistkerfi sé að finna innan framkvæmdarsvæðisins. Talið er að rask sem fylgi framkvæmdinni hafi



minniháttar áhrif á gróðurfar, fugla eða annað dýralíf. Ekki sé talin þörf á að gera sérstaka úttekt á gróðri-eða dýralífi. Gróðurþekja í vatninu er lítil. Fjörubelti vatnsins er grýtt og þar er að finna sömu grósku smádýra og í vatnsbolnum. Lítið var af hornsílum í vatninu en afli bleikju og urriða er nokkur og álíka mikið af hvorri tegund. Þéttleiki og tegundasamsetning botndýra í Hafravatni svipar til þess sem þekkist í álíka djúpum vötnum á landinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er mælt er til þess að hugað sé sérstaklega að umgengni og að forðast óþarfa rask nálægt bakka Hafravatns og Seljadalsár og við framkvæmd ræsa. Jafnframt þarf að huga vel að mengunarförnum á framkvæmdatíma.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að stofnunin telji ekki líklegt að framkvæmdin valdi miklum áhrifum á lífríki Hafravatns að því gefnu að vel sé að þeim staðið en minnir jafnframt á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði, er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

Ásýnd og landslag

Fram kemur að gengið verði frá vegsvæði þannig að vegurinn falli vel að landinu. Röskun verður á afmörkuðu svæði þar sem setja þarf ræsi. Talið er að sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu mun hverfa nokkuð fljótt þar sem talið er að svæðið verði fljótt að gróa upp.

Menningarminjar

Fram kemur að við austurhluta Hafravatns sé skilarétt sem er friðlýst og nýtur því verndar samkvæmt þjóðminjalögum. Í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 kemur fram að ekki séu þekktar fornminjar á svæðinu.

Minjastofnun Íslands bendir á í umsögn sinni að Hafravatnsrétt séu friðlýstar fornleifar og um þær sé fjallað í 22 gr. laga um menningarminjar. Þar segir að friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hafravatnsvegurinn hefur lengi legið mjög nálægt réttinni eða í aðeins um 3 m fjarlægð. Minjastofnun telur að setja ætti upp staura og strengja borða á milli þeirra milli réttarinnar og vegarins á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að réttin raskist af vangá.

Á kortavef á heimasíðu Mosfellsbæjar má sjá staðsetningu skráðra fornleifa í sveitarfélaginu. Staðsetningin er þó ekki nákvæm í öllum tilfellum. Þar sést að nokkrar fornleifar eru skráðar í nágrenni Hafravatnsvegar í landi Miðdals. m.a Landamerki mógrafir, hrútakofi, útihús og fjárhús.

Minjastofnun telur að setja þurfi upp staura og borða meðfram brún mógrafanna að austanverðu til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá á meðan á framkvæmdum stendur.

Varðandi hrútakofann telur stofnunin að áður en framkvæmdir hefjist þurfi að fá fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð í tóftina til að fá betri mynd gerð hennar, byggingarlagi og aldri. Niðurstaða slíkrar rannsóknar kann að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á tóftinni.

Þá telur Minjastofnun að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist útihúss tóftarinnar til að koma megi í veg fyrir að hún raskist af vangá en fjárhústóft ætti ekki að stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum við Hafravatnsveg.

Að því gefnu að gengið verði að kröfum Minjastofnunar Íslands sem fram koma hér að ofan telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að varðandi þær fornminjar sem helst kunna að vera í hættu vegna framkvæmdanna, þ.e hrútakofi, þá hefur Vegagerðin nú breytt hönnun vegarins þannig að ekki á að koma til þess að neinar breytingar eigi sér stað nema hvað varðar vegyfirborðið. Fornleifarannsókn ætti því að vera óþörf á þeim grundvelli. Sjálfsagt mál er að upplýsa um tilvist



annarra fornminja og hefur Vegagerðin bætt við texta um mótvægisaðgerðir í uppkast útboðsgagnanna.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og leyfi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbætur á Hafravatnsvegi sem felast í því að lögð verður klæðing á veginn í núverandi vegstæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli, staðsetning og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða lögum um menningarminjar sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, náttúruverndarsvæða og svæða sem hafa fornfræðilegt gildi. Þá þarf að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdin er lítil að umfangi og mun hafa í för með sér lítilsháttar rask vegna skeringa meðfram núverandi vegstæði. Ræsi verða endurnýjuð eða lengd. Ónæði kann að skapast á framkvæmdartíma vegna hávaða við vegagerð og umferð vinnuvéla en áhrifin verði þó tímabundin og bundin við afmarkað svæði. Þá kann framkvæmd einnig að rýra möguleika hestafólks til að nýta núverandi veg sem reiðleið. Ekki eru líkur á því að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á verndargildi svæðisins, sem er á náttúruminjaskrá, vegna lítils umfangs og rasks af hennar völdum.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar kunni að verða vegna hættu á röskun menningarminja og leggur áherslu á mikilvægi samráðs við Minjastofnunin Íslands varðandi þær mótvægisaðgerðir sem stofnunin setur fram í umsögn sinni og aðrar sem kunna að koma fram í framhaldi af því samráði. Stofnunin telur að fyrirhuguð framkvæmd komi ekki til með að hafa áhrif á gróður, fuglalíf og lífríki í vatni nema að mjög takmörkuðu leyti. Það sama á við áhrif á landslag og ásýnd. Stofnunin tekur þó undir með umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Fiskistofu um að leggja beri áherslu á góða umgengni og vandaðan frágang við framkvæmdir til þess að draga úr líkum á mögulegum áhrifum á gróður, fugla eða lífríki í vatni og ennfremur á ásýnd svæðisins við Hafravatn.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. ágúst 2021.

Reykjavík, 9. júlí 2021

Jakob Gunnarsson

Tinna Jónsdóttir